



Reykholti, 6. febrúar 2015

*Iðnaðarnefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
150 Reykjavík*

Efni: Athugasemdir sveitarstjórnar Bláskógabyggðar við tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða nr. 13/141. (Þingskjal 273 - 244. mál).

Til margra ára hefur það verið mikið áhugamál hjá sveitarstjórn Bláskógabyggðar og þar áður sveitarstjórn Biskupstungnahrepps að endurheimta fyrri hámarksstærð Hagavatns með stíflugerð til að hefta sandfok og endurheimta gróðurþekju á nærliggjandi svæðum. Samhliða því hefur sveitarstjórn haft hug á því að nýta þá framkvæmd og vatn Hagavatns til orkuframléiðslu með það að markmiði að auka hagkvæmni þeirrar framkvæmdar. Landgræðsla ríkisins hefur verið áhugasöm um þetta verkefni og unnið að rannsóknum þar að lútandi. Landgræðslan ásamt fulltingi Biskupstungnahrepps lét vinna mat á umhverfisáhrifum þess að hækka vatnsborð Hagavatns með því að stífla Farið, árið 1997. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar hefur áður ályktað um mikilvægi þess að færa yfirborð Hagavatns til fyrra horfs til að hefta sandfok og tryggja árangur uppgræðslustarfs, sem hún hefur tekið þátt í meðal annars með Landgræðslu ríkisins. Þetta verkefni hefur einnig verið mikið hagsmunamál hjá landeigendum Úthlíðartorfunnar.

Hið mikla jarðvegsfok frá svæðinu ætti flestum að vera alkunna, en oft á tíðum er þetta einna stærsti valdur að svifryksmengun á suðvesturhluta landsins, s.s. í Reykjavík. Því til stuðnings eru til margar loftmyndir.

Með tilliti til allra þeirra rannsókna sem hafa átt sér stað um umhverfisþætti svæðisins, og hagsmuna íbúa Bláskógabyggðar og nærsvæða vill sveitarstjórn Bláskógabyggðar leggja þunga áherslu á að virkjun Hagavatns verði færð úr biðflokki í nýtingaflokk. Þau efnislegu rök sem höfð hafa verið í fjölmiðlum að undanförunu gegn færslu Hagavatnsvirkjunar úr biðflokki í nýtingarflokk eru í raun ófagleg og afar undarleg þegar litið er til forsenda þessa baráttumáls sveitarfélagsins um hækkun yfirborðs Hagavatns.

Fyrir liggja í dag hugmyndir um virkjun Hagavatns, sem hefur tekið umtalsverðum breytingum frá fyrri hugmyndum. Um er að ræða mun umhverfisvænni útfærslu. Virkjunin verði m.a. útfærð sem rennlisvirkjun sem mun tryggja mun stöðugt vatnsyfirborð ofan stíflu. Rafmagnstengingar verði að mestu leyti í jarðstrengjum. Vegslóðar og reiðleiðir verði samræmdar til að stemma stigu við utanvegaakstur m.a. við Jarlhettur. Við útfærslu virkjunarinnar gefst einnig kostur á að opna fyrir ýmsa möguleika á frekari tengingu við starfsemi ferðaþjónustu á svæðinu.



Sveitarstjórn Bláskógabyggðar vill leggja áherslu á, að með þessari framkvæmd er verið að endurheimta fyrra horf Hagavatns, hefta jarðvegsfok, auka möguleika á landgræðslu og bæta lífsgæði íbúa á áhrifsvæði uppfoksins.



Sveitarstjórn Bláskógabyggðar vill hvetja alla fulltrúa á Alþingi Íslands að stíga upp úr pólitískum skotgröfum hvað þennan virkjunarkost varðar og setja hann í nýtingarflokk. Hér erum við að tala um mikið hagsmunamál fyrir íbúa svæðisins hvað varðar lífsgæði og heilbrigði og einnig miklar umbætur fyrir náttúru svæðisins sem hefta mun landfok og gróðureyðingu.

Þessari athugasemd er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst



Valtýr Valtýsson
sveitarstjóri Bláskógabyggðar